

**Akraneskaupsstaður**

B.t. Anna Berta Heimisdóttir  
Dalbraut 4,  
300 Akranesi

**Efni: Smiðjuvellir þróunarsvæði á Akranesi – tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 og tillaga að breytingu á deiliskipulagi. Málsnúmer. 875/2024**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Akraneskaupstaðar dags. 10. júlí 2024. Þar sem óskað er umsagnar Vegagerðarinnar vegna tillögu á breytingu sem tekur til tillögu að breytingu á aðalskipulagi felst í að athafnasvæði AT-144 og verslunar- og þjónustusvæði VP-146 eru sameinuð sem íbúðarsvæði með blandaðri byggð, ÍB-144. Lóð bensínstöðvar, VP-143, og tengivirki Landsnets, I-145, verða ekki hluti íbúðarsvæðisins og nær breyting þessi ekki til þeirra lóða.

Í deiliskipulagsramma Smiðjuvalla er forsögn fyrir deiliskipulagsgerð og nánari grein gerð fyrir stefnu um það umbreytingarferli sem framundan er á svæðinu sem verður ekki fastákveðið í aðalskipulagi.

Vegagerðin hefur yfirfarið breytingartillögu skv. 31. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og 43. gr. sömu laga, í samræmi við hlutverk stofnunarinnar. Málsnr. 875/2024.

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. Óskað er eftir að veghelgunarsvæði verði sýnt á uppdrætti.

Vegagerðin vinnur samkvæmt umferðaröryggisáætlun og mikilvægt er að góð samvinna sé á milli allra þeirra aðila sem að umferðaröryggismálum koma svo að aðgerðir séu samræmdar og framkvæmdar eins og best verður á kosið. Umferðaröryggi á þjóðvegum byggist m.a. á fjölda og þéttleika vegamóta/tenginga. Veghönnunarreglur kveða á um lágmarks fjarlægð á milli vegamóta/tenginga. Stofnunin er ekki með á áætlun fleiri tengingar við Þjóðbraut (509-01).

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift

SIGURÐUR FRIÐGEIR